

AUGLÝSING

um deiliskipulag í Grímsnes- og Grafningshreppi.

Í samræmi við skipulagslög nr. 123/2010 hefur sveitarstjórn Grímsnes- og Grafningshrepps samþykkt eftirfarandi deiliskipulagsbreytingu:

Deiliskipulagsbreyting, Norðurkot, frístundabyggð, svæði 1-4, breytt byggingarmagn.

Um er að ræða óverulega breytingu á deiliskipulagi sem tekur til frístundabyggðar í landi Norðurkots. Í breytingunni felst að heimildir sem varða hámarksstærð aukahúss á lóð eru felldar út úr skilmálum deiliskipulagsins.

Samþykkt í sveitarstjórn 17. maí 2023.

Ofangreind deiliskipulagsbreyting hefur hlotið þá meðferð sem skipulagslög mæla fyrir um og öðlast þegar gildi.

Laugarvatni, 5. júlí 2023.

Skipulagsfulltrúi Umhverfis- og tæknisviðs uppsveita bs.,

Vigfús Þór Hróbjartsson.

B-deild – Útgáfudagur: 19. júlí 2023